



Reykjavík, 27. maí 2026
USK26050303

Flókagata 62 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa vegna klæðningar

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. maí 2026 var lögð fram fyrirspurn Kára Esra Einarssonar, byggingarfræðingi Nordic Office, fyrir hönd íbúa, dags. 19. maí 2026, ásamt bréfi dags. 19. maí 2026, varðandi ósk um að klæða austurhlíð sem og vegg á efstu hæð suðurhlíðar vegna viðvarandi lekavandamála. Fram kemur að múr- og sprunguviðgerðir 2009, 2014 og 2020 hafi ekki borið árangur.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



HverfisSKIPULAG



Götumynd tekin af ja.is

SKIPULAG Í GILDI

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Flókagata 62 á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB16 *Hlíðar-Norður*.

HverfisSKIPULAG: Í gildi er hverfisSKIPULAG fyrir Hlíðar 3.1, Háteigshverfi, samþykkt í borgarráði 11. júlí 2024 ásamt síðari breytingum. Engin breyting hefur verið gerð fyrir lóð nr. 62 við Flókagötu.

UMSÖGN

Húsið á lóð nr. 62 við Flókagötu er steinsteypt hús, byggt 1963.

Í hverfisSKIPULAGI er Flókagata 62 innan skilmálaeiningar 3.1.3. Fram kemur í kafla um útlitsbreytingar og viðhald að forðast skal að raska að óþörfu frumgerð húss og sérkennum þess við viðhald og útlitsbreytingar. Taka skal tillit til forma og hlutfalla, áferðar, efnisvals, mynstra og annarra sérkenna húss. Einnig að fara skuli varlega í allar breytingar við götuhlíðar húsa þar sem þær snúa að almenningsrými. *Ef einangra þarf og klæða húsið að utan af byggingartæknilegum ástæðum, s.s. vegna leka, steypuskemmda eða annars, skal nota múrklæðningar af viðurkenndri gerð og skal áferð veggflata taka mið af upprunalegri gerð hússins.*

NIÐURSTAÐA

- Fallist er á beiðni um notkun klæðningar á austurhlíð hússins en ekki er fallist á að áklæðning verði notuð þar sem hún samræmist ekki skilmálum hverfisSKIPULAGS.



- Klæða skal húsið með múrklæðningu að viðurkenndri gerð eins og skilmálar hverfisskipulags gera ráð fyrir. Leitast skal eftir því að halda sem best í upprunalegan heildarsvip hússins varðandi litaskiptingu og stöllum.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Reykjavík